

Fundur hreppsnefndar 01. júní 2017

Fundur nr. 62 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 01. júní 2017 kl. 16:00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson, Sigríður Bragadóttir, Einar Björn Kristbergsson, Hinrik Ingólfsson og Ingólfur Daði Jónsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar óskaði oddviti heimildar til breytingar á dagskrá, að fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar frá 31. maí sl. yrði tekin fyrir undir liðnum fundargerðir. Samhljóða samþykkt. Síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá

1. 1. Fundargerðir:

a) Menningarmálanefndar dags. 10. maí 2017

Fundargerðin samhljóða samþykkt.

b) Nefndar um byggingu vallahúss dags. 12. maí 2017

Sveitarstjóri og oddviti gerðu nánari grein fyrir málinu og það síðan rætt en annars lagt fram til kynningar.

c) Velferðarnefndar dags. 22. maí 2017

Fram fór umræða um 3. mál þar sem nefndarmenn lýstu sjónarmiðum sínum og tóku almennt undir að íbúðir verði í útleigu við tilteknar aðstæður. Síðan samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra, oddvita ásamt tveimur fulltrúum úr velferðarnefnd að koma með tillögur að reglum um útleigu íbúða. Fundargerðin samhljóða samþykkt.

d) Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 29. maí og 31. maí 2017

Sigríður yfirgaf fund undir liðum 1. og 2. í fundargerð dags. 29. maí. Fundargerðin samhljóða samþykkt. Fundargerð dags. 31. maí samhljóða samþykkt.

e) 850. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

f) 135. fundar stjórnar HAUST

Lagt fram til kynningar.

1. 2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Umhverfisstofnun

Sveitarstjóri upplýsti að þegar lægi fyrir verkáætlun sveitarfélagsins um vinnu við að uppfylla kröfur UST um starfsleyfi innan þess tímaramma sem settur er. Bréf hér að lútandi þegar sent stofnuninni. Samhljóða samþykkt.

b) Smábátasjómönnum

Einar Björn yfirgaf fund undir þessum lið. Sveitarstjóri gerði nánari grein fyrir málinu og fór fram umræða um það. Samhljóða samþykkt að málið fari til hafnarnefndar til umsagnar.

c) Berghildi Fanney Hauksdóttur

Eyjólfur yfirgaf fundinn undir þessum lið.

d) Landslögum

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu sem síðan var til umræðu. Samhljóða samþykkt að fela lögmanni að svara bréfi Landslaga.

e) Svani Arthúrssyni, Öxl

Samhljóða samþykkt að verkið verði unnið í samráði við yfirmann þjónustumiðstöðvar.

1. 3. Almenn mál:

a) Innkaupareglur Vopnafjarðarhrepps

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að nýta sér 13. gr. Innkaupareglna við framkvæmd samningagerðar um lagningu ljósleiðara.

b) Launamál sveitarstjórnar og nefnda á vegum sveitarfélagsins

Tillaga sveitarstjóra samhljóða samþykkt en tillagan tekur mið af launum sambærilegra sveitarfélaga sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman upplýsingar um.

c) Kosning fulltúa á aðalfund SSA sem haldinn verður á Breiðdalsvík dagana 29. og 30. september nk.

Samþykkt að fulltrúar verði Sigríður Elva Konráðsdóttir og Sigríður Bragadóttir. Varamenn verði Stefán Grímur Rafnsson og Ólafur Áki Ragnarsson.

d) Tilnefning til menningarverðlauna SSA fyrir árið 2017

Lagt fram til kynningar.

e) Tillögur að málefnum sem taka ætti til umræðu og afgreiðslu í nefndum aðalfundar SSA sem fram fer dagana 29. - 30. september nk. á Breiðdalsvík

Lagt fram til kynningar.

f) Drög að samningi um lagningu ljósleiðara í dreifbýli Vopnafjarðar

Framlögð drög samhljóða samþykkt.

g) Drög að lýsingu fyrir deiliskipulag íþróttasvæðis Vopnafjarðarhrepps

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að auglýsa og kynna lýsingu fyrir deiliskipulag íþróttasvæðis Vopnafjarðar sem unnin er af Yrki arkitektum.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:05.

[Fylgigögn fundar 010617.pdf](#)